

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 118/98
frá 18. desember 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
65/98 frá 4. júlí 1998⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/740/EB frá 14. október 1997 um aðferð við
staðfestingu á samræmi byggingavara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins
89/106/EBE að því er varðar múrverk og byggingarvörur fyrir múrverk ⁽²⁾ skal felld inn
í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/808/EB frá 20. nóvember 1997 um aðferð við
staðfestingu á samræmi byggingavara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins
89/106/EBE að því er varðar gólfefni og slitlag⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EB) í XXI. kafla II.
viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 100, 15.4.1999, bls. 54 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 16, 15.4.1999, bls. 118.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 299, 4.11.1997, bls. 42.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 331, 3.12.1997, bls. 18.

- „- **397 D 0740:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/740/EB frá 14. október 1997 (Stjtið. EB L 299, 4.11.1997, bls. 42),
- **397 D 0808:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/808/EB frá 20. nóvember 1997 (Stjtið. EB L 331, 3.12.1997, bls. 18).“

2. gr.

Fullgiltur texti ákvæðana framkvæmdastjórnarinnar 97/740/EB og 97/808/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 19. desember 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 18. desember 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

